

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2015-2019 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans á Ísafirði

A. Markmið

1. Hlutfall nýnema af norðanverðum Vestfjörðum haldist áfram hátt á samningstímanum og fari ekki undir 92%. Þessu markmiði verði náð með:
 - a. skipulögðum heimsóknnum grunnskólanema af svæðinu í MÍ á vorönnum.
 - b. Kynningarbæklingur og kynningarmyndband um skólann verður endurnýjað og vistað á heimasíðunni.
2. Að hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum verði ekki undir landsmeðaltali og að hlutfall þeirra nemenda sem hafi jákvætt viðhorf gagnvart skólanum verði yfir landsmeðaltali, í könnunum sem kanna líðan nemenda í framhaldsskólum á landsvísu. Þessu markmiði verði náð með því að fylgja áfram áætlun um markvissa námsráðgjöf ásamt því að vinna áfram að bættum kennsluháttum og leiðsagnarmati í anda grunnþátta nýrrar aðalnámskrár.
3. Að brotthvarf nemenda úr skólanum á árunum 2015 og 2016 haldist áfram lágt og fari ekki upp fyrir 5% miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar hvort ár. Þessu markmiði verði náð með því að sinna áfram markvissri námsráðgjöf og að í nær öllum áföngum verði leiðsagnarmat í kennslu. Sérfræðingar verði fengnir til að kynna fyrir nemendum einkenni og áhrif tölvufíknar.
4. Nýnemar verði innritaðir samkvæmt nýrri námskrá og brautarlýsingum haustið 2015. Stefnt er að því að þeir verði útskrifaðir eftir þriggja ára nám.
5. Unnið verði áfram að þróun námsbrautar (framhaldsskólabraut) fyrir þá nemendur sem hafa ekki fullnægjandi árangur í kjarnagreinum til stúdentsprófs. Stefnt er að því að nemendur geti hafið nám á brautinni haustið 2015.
6. Auka áfram námsframboð í skapandi greinum og tæknigreinum eins og ný skólanámskrá gerir ráð fyrir. Stefnt er að því að frá hausti 2016 geti nemendur að lágmarki valið 10 f-einingar á önn í skapandi námsgreinum og tæknigreinum.
7. Að vinna að auknum gæðum kennslu með því að stuðla að umræðu og samvinnu um bættu kennsluhætti og námsmat. Rýnihópar nemenda, kennara, stjórnenda og sjálfsmatsnefndar verði myndaðir á haustönn 2015 sem munu endurskoða skipulag kennslu, kennsluhætti og námsmat. Starfsdagar, kennarafundir og reglulegir fundir á fimmtudögum verði nýttir til þessarar vinnu.
8. Haldið verður áfram að gera starfsfólki kleift að sinna endurmenntun. Stjórnendur munu hafa forystu um að halda endurmenntunarnámskeið í skólanum á hverri önn.

B. Tímabundin verkefni

1. Menntaskólinn á Ísafirði, ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands og sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum hafa sameinast um rekstur nýsköpunarmiðju (Fab-Lab) í húsnæði skólans og leggur skólinn til tækjabúnað, húsnæði og greiðir fyrir ræstingu. Samningur um þetta samstarf var endurnýjaður 15. ágúst 2014 og gildir til 31. desember 2017.
2. Menntaskólinn á Ísafirði er í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Tækniskóla Íslands um kennslu skipstjórnarnáms til A-stigs. Kennslan hófst haustið 2014 og er námið skipulagt á þrjár annir.
3. Skólinn mun innleiða ISO9001 vottun í kennslu skipstjórnar- og vélstjórnargreina í samvinnu við Tækniskóla Íslands. Innleiðingin er hafin og mun ljúka vorið 2017.
4. Menntaskólinn á Ísafirði vinnur að undirbúningi að námi í fiskitækni í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Áætluð lok verkefnisins eru 1. mars 2016.